

Um Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er kennsluáðferðin sem hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur.

Þegar skólar taka upp vinnubrögð Byrjendalæsis hefja þeir tveggja ára þróunarstarf með Skólaþróunarsviði HA. Um 30 skólar víðs vegar um landið vinna nú eftir aðferðinni. Hríseyjarskóli er að hefja sinn þriðja vetur í byrjendalæsi.

Meðal forsendna sem lagðar voru til grundavallar við mótun *byrjendalæsis* voru eftirtaldir þættir:

Samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er grundvöllur árangurs í lestrarnámi.

Vinna þarf jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, hraða og öryggi og lesskilning. Fyrir vikið er unnið t.d. með hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði samþætt en ekki í aðskildum verkefnum.

Meginmarkmið byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið, því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Unnið er með merkingarbæra texta og bækur sem höfða til nemenda. Tekin verða fyrir þemaverkefni í lotum. Lestrarnámið þarf að vera skemmtilegt og bjóða upp á samskipti, skapandi hugsun og tjáningu.

Kennarar safna upplýsingum um gengi nemenda í daglegu starfi. Í stað þess að leiðrétta og láta nemendur endurgera verkefni, skipuleggja þeir ný viðfangsefni þar sem nemendur fá ítarlega leiðsögn og tækifæri til æfinga.

Niðurstöður rannsókna sýna að þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur ótvírætt jákvæð áhrif á gengi þeirra í námi almennt, en þó sérstaklega varðandi læsi.

Hlutverk foreldra í heimavinnu byrjendalæsis verður í vetur m.a.: að hlusta á barnið sitt lesa, lesa fyrir þau og með þeim. Tala við þau og gera hugtakakort til að undirbúa það að skrifa með þeim sögur, spila, hlusta á frásögn um hvað barnið gerði í skólanum.

Við heimalestur þarf að hafa í huga að hafa hann skemmtilegan og notalega stund sem höfðar til barnsins.



Nokkur atriði um þjálfun lesturs:

Hlustið á barnið lesa daglega. Reynið að skapa reglu og gott andrúmsloft í kringum heimalesturinn

Skoðið bókina með barninu, heiti hennar, myndir, sögupersónur o.fl. til að komast inn í efni sögunnar og vekja áhuga á því.

Látið barnið fylgja línunum eftir með fingri um leið og það les.

Rifjið upp stafi og hljóð sem barnið hikar við.

Fáið barnið til að segja frá efni sögunnar og ræðið efni textans.

Þakkið fyrir og barninu fyrir lesturinn og hrósið þegar vel gengur.

Reynið að vera þolinmóð og jákvæð. Talið við kennara ef lestrarnámið gengur ekki nægilega vel.

Látið barnið lesa hluta textans oftár en einu sinni því lesturinn verður hraðari og áreynsluminni þegar lesið er í annað sinn.



Önnur atriði:

Heimanám í 1.2. og 3 bekk kemur heim á miðvikudögum og á að skila á þriðjudögum.

Nemendur eiga að vinna með blýanti í vinnubækur og lita með trélitum eða vaxlitum.

Nemendur mega nota hvaða hluti sem er til að hjálpa sér við stærðfræðina. Gott er fyrir suma að teikna, aðrir nota kubba sumir nota reiknivélar.

Nemendur lesa heima 5 sinnum í viku.

Veikindi og leyfi þarf að tilkynna í síma 4661763. Ef nemandi fer úr skólanum áður en skóladegi líkur eru foreldrar beðnir um að láta vita.

Nemendur mæta alla daga klæddir til að vera úti.

Það eru engir fastir viðtalstímar kennara og eru foreldrar alltaf velkomir í heimsókn í skólann.

Netfang Ingibjargar: ingibjorg@akmennt.is